

Fundur hjá stjórn foreldrafélags Hrafnagilsskóla þann 21.september 2022 kl. 16:00.

Mætt eru Anna María, Anna Júlía, Garðar Kári, Hulda, Margrét Hrund, Stefanía Árdís og Linda.

Skipað var í stjórn, Hulda gefur kost á sér og er þá búið að fullmanna stjórn. Anna Júlía og Garðar Kári ganga úr stjórninni og nýja stjórnin skipast þá svona:

- Anna María – skólaráð
- Hulda – skólanefnd
- Linda - gjaldkeri
- Margrét Hrund – formaður
- Stefanía – ritari

Varðandi fræðslu hafði Hrund skólastjóri samband við stjórn, samtökin '78 líklega á leiðinni í skólann með fræðslu í næstu viku. En það var einmitt rætt um sambærilega fræðslu á aðalfundi félagsins á dögunum.

Á aðalfundi var umræða um símamál á unglिंगastigi þó nokkur, fengum sjónarhorn kennara á unglिंगastigi á þessum málum og sagði hann okkur aðeins frá því hvað hefur verið reynt í þessum málum. Stjórn telur að gott væri að fá sjónarhorn kennara á unglिंगastigi/skólans á þessum málum og kynna fyrir foreldrum nemenda á unglिंगastigi.

Rætt um hækkun á gjaldi til foreldrafélagsins og hafði gjaldkeri samband við starfsmann á skrifstofu sveitarfélagsins, búið var að greiða félaginu fyrir síðasta ár og á þá eftir að rukka fyrir þetta ár og mun það því koma inn til félagsins væntanlega fyrir áramót. Muna að senda tilkynningu um hækkun gjaldsins til foreldra á mentor.

Stefnt er á jólaföndur síðustu helgina í nóvember, verður tekin ákvörðun með nánari tímasetningu á bekkjarfulltrúafundi sem á að halda miðvikudaginn 5.október kl. 20:30 og verður rafrænn (Zoom) að þessu sinni. Formaður sér um að útbúa viðburð og sendir á Nönnu. Útfærsla föndursins verður rætt betur á þeim fundi.

Hugmynd kom upp á fundi að gera mögulega þá breytingu að nemendur geti farið einu sinni á hverja föndurstöð án þess að greiða fyrir efniskostnað, það væri þá í boði foreldrafélagsins. Ef nemendur eða aðrir vilji föndra meira á hverri stöð yrði greitt sanngjarnt gjald fyrir. Þegar föndur verður auglýst þarf að minna fólk á að grípa klínk með sér. Auk föndurs kom sú hugmynd upp að bjóða upp á spilastofu þar sem nemendur og aðstandendur geta komið og spilað saman.

Fundi slitið kl. 17:15.